

Í samræmi við lög um búfjárhald nr. 38/2013 skulu umráðamenn búfjár árlega **skila haustskýrslu fyrir 20. nóvember** um búfjáreign, fóður og eftir atvikum landstærðir. Haustskýrslu skal skrá rafrænt á síðunni www.bustofn.is

Aðgengi er fengið með rafrænum lykli (Íslykill) og opnast aðgangur þegar kennitala og lyklnúmer hafa verið skráð. Hafi ekki verið sótt um Íslykil er hægt að gera það eftir að aðgangur að skýrslu hefur verið ræstur með hnappnum sem sýndur er á forsíðu Bústofns. Óski búfjáreigandi eftir aðstoð dýraeftirlitsmanns MAST er hægt að hafa samband í síma 530-4800 eða á mast@mast.is

Þeir sem þurfa aðstoðar við vegna rafrænna skila stendur til boða þjónusta Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins, RML við skil á haustskýrslu. Hafa má samband við RML í síma 516-5000 eða með tölvupósti á netfangið rml@rml.is

Eftirfarandi eru leiðbeiningar um útfyllingu þeirra þátta sem skrá skal á haustskýrslu.

Talning á búfénaði

Skrá skal línu *Fjöldi búfjár af hverri búfjártegund, eftir aldri og kyni*, eins og hann er í nóvember.

Gróffóðuruppskera

Fóður í plasti

Fylla skal út magn fóðurbirgða sem plastpakkað er eins og rúlla, ferbagga, uppskoriðs grænfélóðurs í reitina undir liðnum *Fóður í plasti*.

Ath. Allt plastað hey er flokkað sem vothey.


Rúllur/ferbaggar

a. Stærð

Við flokkun rúlla eftir stærð skal tekið mið af stærðum í töflu 1 og við flokkun ferbagga skal tekið mið af stærðum í töflu 2.

Tafla 1 stærð rúlla


Algengar breiddir á rúllum eru 120 cm, 140 cm og 160 cm og lengdirnar 120 cm og 130 cm. Síðan er rúmmálið fundið þannig:



Þvermál	Lengd	
	120 cm	130 cm
120 cm	1,4 m ³	1,5 m ³
140 cm	1,9 m ³	2,0 m ³
160 cm	2,4 m ³	2,6 m ³

Tafla 2 stærð ferbagga

Algengar stærðir á ferböggum eru 80 cm og 100 cm og lengdirnar 120 cm, 140 cm og 160 cm. Síðan er rúmmálið fundið þannig:



Breidd og hæð	Lengd		
	120 cm	140 cm	160 cm
80 x 80 cm	0,8 m ³	0,9 m ³	1,02 m ³
100 x 80 cm	1,0 m ³	1,1 m ³	1,3 m ³

b. Rúmpyngd

Rúmpyngd skal gefa upp í heilum tölum. Þéttleiki heysins í ferböggnum (rúmpyngdin) ræðst m.a. af ökuhraða við bindingu, gerð bindivélar, grófleika heys og ekki síst þurrkstigi þess. Mat á rúmpyngd heysins má byggja á lýsingu í Töflu 3.

Tafla 3. Rúmpyngd heys, kg þurrefnis í m³.

<i>Þurrhey laust:</i>	<i>Kg þe/m³</i>
Þurrhey, gróft, laust, kaldverkað	90
Þurrhey, fínt, laust, kaldverkað	100
Þurrhey, fíngert, laust, hefur hitnað í því	120
<i>Þurrhey bundið:</i>	<i>Kg þe/m³</i>
Þurrhey, meðalfast bundið	115
Þurrhey, fast bundið	130
Þurrhey, bundið í rúllur	200
<i>Vothey laust:</i>	<i>Kg þe/m³</i>
Vothey, gróft, í turni eða flatgryfju.	150
Vothey, fínt, í turni eða flatgryfju.	160
Heymeti	240
<i>Vothey bundið í rúllur og pakkað í plast:</i>	<i>Kg þe/m³</i>
Grænfóðurrúllur (þe 15-25%)	100
Votheysrúllur, blautt gras (þe 20-25%)	100
Votheysrúllur, slegið í dumbungsveðri, rúllað strax (þe 25-30%)	125
Votheysrúllur, slegið í þurrki, rúllað strax (þe 30-40%)	140
Votheysrúllur, forþurrkað í a.m.k. 1 dag (þe 40-50%)	170
Votheysrúllur, hálfþurrt hey, rúlluvél af eldri gerð (þe 50-70%)	180
Votheysrúllur, hálfþurrt hey, rúlluvél af nýrri gerð (þe 50-70%)	200
<i>Vothey bundið í ferbagga og pakkað í plast:</i>	<i>Kg þe/m³</i>
Ferbaggar, forþurrkað hey í a.m.k. 1 dag (30-40%).	180
Ferbaggar, hálfþurrt hey (60-70% þurrefni)	240

c. Gæði fódurs

Orkugildi fódursins, þ.e. hve margar fódureiningar (FE) eru í hverju kg þurrefnis, ræðst mest af þroskastigi grasanna við slátt og grastegundum. Mælt er með að heyforðinn sé í meginatriðum grófflokkaður í gæðaflokkana A,B,C og D. Gildi til hliðsjónar eru í Töflu 4.

Tafla 4. Gæðamat á heyfóðri, fódurgildi FE_m í kg þe.

<i>Heygæði</i>	<i>FE_m/kg þe</i>
A. Úrvalshey, vel verkað, snemmslegið af nýlegum túnum.	0,85
B. Hey í góðu meðallagi, vel verkað, slegið eftir skrið vallarfoxgrass.	0,80
C. Hey í slöku meðallagi, vel verkað, seint slegið, af gömlu túni.	0,75
D. Lélegt hey, hrakið, seint slegið, úr sér sprottið.	0,70

Ef línurnar þrjár fyrir rúllur duga ekki til flokkunar á heyforðanum geta bændur notað auðu línurnar fyrir neðan og skráð þar stærð, rúmpyngd og gæði.

Annað heyfóður

Alt fóður sem ekki er pakkað í plast skal skrá undir liðnum, *Annað heyfóður*. Undir þessum lið er laust hey bæði vott og þurrt, ópakkað bundið hey og heymeti. Auk þess er aðkeypt hey bæði plastpakkað og ópakkað skráð undir þessum lið.

Laust vothey í turngryfju eða flatgryfju

Hér á aðeins að skrá heildarrúmmál stæðunnar/stabbans ásamt rúmpyngd og fódurgæðum.

Fóðurbirgðir – Þurrhey

Laust þurrhey og þurrhey bundið í smábagga. Þarna er skráð heildarrúmmál stabbans/stæðunnar/hlöðunnar (lengd x breidd x hæð) ásamt rúmpyngd og fóðurgæðum.

Fóðurbirgðir – Aðkeyptar rúllur og ferbaggar

Aðkeyptar rúllur og ferbaggar skal skrá á sama hátt og þeir sem sem aflað er heima á búinu.

Fóðurbirgðir – Fyrningar

Magn fyrninga er skráð eins og að ofan greinir eftir því sem við á (rúllur, ferbaggar, laust).

Kornhálmur

Kornhálmur er skráður á sama hátt og fóður í rúllu- og ferböggum en hann reiknast ekki inn í fóðurbirgðir búsins. Viðmiðunargildi um rúmpyngd í kornhálmum er svipað og í grófu þurrhey.

Uppskeypt af korni

Uppskeypt af korni skal skrá í tonnum og fjölda ha sem korn var. Skrá skal korn eftir því hvort það er þurrverkað eða votverkað.

Landsstærðir

Á haustskýrslu skal skrá landsstærðir (ha) og sundurliða á eftirfarandi hátt:

- Korn, slegið í grænfóður
- Grænfóður, beitt og uppskorið
- Slegin tún (heildarstærð og endur-eða nýræktuð á síðustu 5 árum)
- Stærð beitilanda utan túna og afrétta (sundurliða í eigin land og í eigu annara)

Athugasemdir

Ef þörf er á er unnt að koma að koma athugasemdum á framfæri í sérstöku textasvæði.